



Á skólaárinu 2011 - 2012 verður sjálfsmatið sem fyrr fastur hluti skólstarfsins. Allmargir matsþættir hafa skapað sér fastan sess, eru ýmist metnir árlega eða einu sinni á önn. Enn aðrir eru í stöðugu matsferli enda beina þeir sjónum sínum að þáttum eins og líðan starfsmanna, öryggi á vinnustað og forvarnamálum. Á síðasta ári var innleitt nýtt kerfi við mannaráðningar og hefur það reynst mjög vel. Allar mannaráðningar við skólann munu eftirleiðis fara í gegnum þetta kerfi. Fleiri nýjungar voru teknar upp á síðasta skólaári sem stuðla að enn betra skólstarfi. Má þar nefna úttekt á einni námsgrein sem gerð var á vorönninni. Samkvæmt áætlun mun ein námsgrein / deild verða tekin út á hverju skólaári. Þar gefst tækifæri til að meta þætti eins og viðhorf kennara og nemenda, líðan nemenda, námsmat, verkefni o.fl. Slík úttekt er ekki aðeins mikilvæg fyrir skólann í heild heldur og góð fyrir viðkomandi kennara sem fá þarna tækifæri til að sjá heildarúttekt á áfanga, hvað er gott og hvað mætti betur fara. Úttektin er mun yfirgrípsmeiri heldur en almenn kennslukönnun sem framkvæmd er á hverri önn í öllum áföngum.

Eins og fram kemur í töflunni hér á eftir eru matsþættir ólíkir, nálgun mats er ýmist meðal nemenda, starfsmanna eða kennslustjóra og annarra stjórnenda.

Helstu matsþættir:

- **Námsárangur.** Einkunnir hvers áfanga eru skoðaðar m.t.t.einkunnayfirlits síðustu anna. Kennslustjórar skoða niðurstöður úr sínum deildum ásamt kennurum áfanga hverju sinni. Niðurstöður ræddar á fagfundum í deildum. Heildarniðurstöður námsárangurs koma m.a. fram í ræðu skólameistara við skólaslit. Allir nemendur skólans eru hér skoðaðir. Sérstök áhersla verður lögð á að kennslustjórar skoði niðurstöður námsárangurs samhliða skýrslum kennara með það í huga að bæta starfið enn frekar.
- **Kennslukönnun – mat á kennslu.** Á hverri önn er lögð fyrir nemendur rafræn könnun um námsefni, kennsluhætti, undirbúning kennara og almennt mat þeirra á hverjum þeim áfanga sem þeir eru skráðir í. Nemendur svara spurningum á námsnetinu. Spurningar eru bæði í formi krossaspurninga og opinna spurninga. Niðurstöður könnunarinnar verða í höndum skólameistara og aðstoðarskólameistara og gefst öllum kennurum kostur á að fara í viðtal til þeirra um niðurstöðurnar í upphafi vorannar.
- **Viðhorf nemenda.** Á hverri önn eru haldnir opnir fundir á sal skólans fyrir alla nemendur. Þar sitja stjórnendur skólans og stjórn nemendafélagsins fyrir svörum og nemendum gefst kostur á að koma með tillögur til úrbóta og nýjar hugmyndir. Slíkir fundir hafa verið haldnir í allmörg ár og margar nýjungar í skólstarfinu hafa byggt á hugmyndum frá þessum fundum.
- **Starfsmannasamtöl.** Á vorönn er gert ráð fyrir starfsmannasamtölum. Markmið þeirra er að athuga líðan starfsmanna og farið í gegnum nýjar hugmyndir og tillögur sem bæta skólstarfið. Samtöl eru skipulögð eftir skipuriti skólans, þ.e. yfirmenn ræða við undirmenn. Samtölin eru boðuð fyrirfram og uppbygging er á sérstökum blöðum sem dreift er áður. Úrvinnsla er í höndum skólameistara, aðstoðarskólameistara og kennslustjóra eftir því sem við á. Skólameistari kynnir helstu niðurstöður og setur fram hugmyndir að úrbótum ef þess þarf.



- **Líðan starfsmanna.** Auk starfsmannasamtalanna er á verkefnalista ýmissa starfsmanna að vera vakandi yfir þáttum sem varða velferð og líðan starfsmanna. Má þar nefna stjórnendur, öryggisnefnd, stjórn starfsmannafélagsins og fleiri. Ýmsar skoðanakannanir hafa verið gerðar hvað þetta varðar undanfarin ár. Þegar slíkar kannanir hafa verið eru helstu niðurstöður kynntar og settar fram hugmyndir að úrbótum ef þess þarf.
- **Öryggi á vinnustað.** Sérstök öryggisnefnd starfar við skólann sem starfar eftir lögum um slíkar nefndir. Helstu verkefni hennar er að vera vakandi yfir öryggi og hollustuháttum á vinnustað. Nefndin kallar til utanaðkomandi sérfræðinga eftir því sem við á. Ef einhverjum þáttum er ábótavant koma tillögur frá öryggisnefnd um úrbætur, framkvæmd er síðan undir stjórn skólameistara.
- **Forvarnamál.** Forvarnafulltrúi ásamt forvarnateymi stýrir forvarnamálum í víðasta skilningi þess orðs. Viðvera á dansleikjum og öðrum viðburðum sem haldnir eru í nafni skólans ásamt skipulagning sérstakra viðburða í nafni forvarna eru helstu verkefni.
- **Próf og prófagerð.** Unnið er eftir verkferlum sem tryggja eiga aukin gæði. Fleiri koma að verkinu, þegar próf er tilbúið til ljósritunar hefur það farið í gegnum samningu, faglegan yfirllestur og íslenskulestur. Með þessum verkferlum er auðveldara að grípa inn í og lagfæra próf áður en til próftöku kemur. Sami háttur er hafður á vinnunni í lok hverrar annar.
- **Kennsluáætlanir.** Í fyrstu kennsluviku hverrar annar eiga allar kennsluáætlanir að vera tilbúnar. Þær eru settar á heimasíðu skólans og á námsnetið. Samræmi er í uppsetningu og þess gætt að allar nauðsynlegar upplýsingar komi fram á kennsluáætluninni.
- **Endurmenntun kennara.** Áhersla á endurmenntun kennara er í stefnuskrá skólans. Kennarar eru hvattir til að skrá námskeið og aðra endurmenntun í sérstaka skrá á innra neti skólans. Litið er til endurmenntunar þegar ákvörðun er tekin um launahækkun og/eða framgang í starfi.
- **Umsjónarkerfi / ástundun nemenda.** Umsjónarkennarar hafa víðtækt hlutverk sem hefur verið í þróun síðustu ár. Nemendur mæta í umsjónartíma þar sem m.a. er unnin námsáætlun og allar orðsendingar til nemenda eiga greiða leið í gegnum þessa tíma. Fylgst er með ástundun og mætingu, farið í gegnum miðannarmat og fleira sem skiptir máli í vinnu nemenda í skólanum. Nýnemum er raðað í sérstaka umsjónarhópa, umsjónarkennarar þeirra sjá jafnframt um kennslu hópsins í lífsleikni á fyrstu önn. Hóparnir haldast síðan alla skólagönguna.
- **Úttekt á einstökum námsgreinum.** Ein til tvær námsgreinar eru metnar m.t.t. heildarmyndar áfanga. Skoðaðir verða m.a. kennsluhættir, undirbúningur, árangur nemenda, menntun og undirbúningur kennara, styrkleikar og veikleikar. Um leið er þetta frábært tækifæri fyrir stjórnendur að kynnast vel innviðum einnar (eða tveggja) námsgreina hverju sinni og vera betur í stakk búnir til að sjá heildarmyndina. Úttektir fara fram á vorönn og eru undir stjórn aðstoðarskólameistara.
- **Mat á starfi stjórnenda.** Unnið verði að undirbúningi úttektar á starfi stjórnenda. Matið verði bæði innra og ytra, þ.e. starfsmenn og nemendur svara rafrænni könnun á námsnetinu. Utanaðkomandi aðili verður fenginn til að taka út stjórnendur. Slíkt mat fari fram á 3ja ára fresti. Stefnt er að slík úttekt fari fram á vorönn 2013.



- **Mat á þjónustu bókasafns.** Unnið verði að undirbúningi mats á þjónustu bókasafns. Metið verði heildrænt bókakostur, þjónusta og vinnuaðstaða nemenda. Mikilvægt er að ekki aðeins verði gerð könnun meðal nemenda heldur og meðal kennara.
- **Mat á þjónustu skrifstofu og netstjóra.** Unnið verði að undirbúningi mats á þjónustu skrifstofustjóra, skólafulltrúa og netstjóra. Hvernig er viðmót viðkomandi aðila, hvað mætti betur fara. Nemendur og kennarar svara rafrænni könnun. Slíka könnun mætti jafnvel hafa inni í könnun um mat á þjónustu bókasafns. Niðurstöður verði skoðaðar af stjórnendum sem í samráði við viðkomandi gera breytingar ef þurfa þykir.
- **Mat á þjónustu námsráðgjafa og forvarnafulltrúa.** Námsráðgjafar og forvarnafulltrúi veita mikilvæga þjónustu, oft við erfiðar aðstæður. Unnið verði að rafrænni könnun á starfi þeirra. Slík könnun yrði lögð fyrir nemendur, kennara og forráðamenn nemenda á 3ja ára fresti.

Yfirlit sjálfsmats í FG

Tegund mats	Lagt fyrir	Skoðun á	Frákvæmd í höndum	Gagnaöflun	Úrvinnsla	Niðurstöður?	Hve oft frákvæmt?
-------------	------------	----------	-------------------	------------	-----------	--------------	-------------------

Námsárangur	Allir nemendur skólans	Einkunnir hvers áfanga skoðaðar, bornar saman við fyrri annir. Meðaltal. Skýrslur kennara skoðaðar til hliðsjónar.	Kennarar / Kennslustjórar	Prófúrlausnir nemenda ásamt námsmati kennara	Kennslustjórar	Ræddar á fagfundum í deildum. Niðurstöður koma fram í ræðu skólameistara við skólaslit.	Á hverri önn er farið yfir námsárangur en skýrslur og námsárangur lesið saman í lok hvers skólaárs.
Kennslukönnun meðal nemenda	Allir nemendur skólans	Námsefni, kennsluhættir, undirbúningur kennara, mat á gæðum kennslunnar	Gæðahópur	Rafræn könnun á námsnetinu lögð fyrir alla nemendur skólans	Skólameistari / aðstoðarskólameistari	Ræddar í viðtali við skólameistara / aðstoðarskólameistara	Á hverri önn.
Viðhorf nemenda	Nemendur á opnum fundi	Skólastarfinu, aðbúnaði, kennslu o.fl.	Stjórnendur	Stjórnendur og stjórnarmenn nemendafélags sitja fyrir svörum	Stjórnendur	Fundargerð er skrifuð og send á alla starfsmenn og nemendur skólans. Þar kemur fram tillaga að úrvinnslu.	Á hverri önn.
Starfsmannasamtöl	Allir starfsmenn skólans	Líðan starfsmanna, hvað má betur fara í skólastarfinu	Samtöl skipulögð eftir skipuriti skólans, yfirmenn ræða við undirmenn	Samtöl eru boðuð fyrirfram, sérstök eyðublöð eru til sem báðir aðilar skrifa undir	Skólameistari / aðstoðarskólameistari / kennslustjórar	Skólameistari kynnir helstu niðurstöður og setur fram hugmyndir að úrbótum ef þess þarf	Í apríl ár hvert
Líðan starfsmanna	Allir starfsmenn skólans	Ýmsum þáttum sem varða velferð og líðan starfsmanna. Viðbragðsáætlun skóla: gátlisti	Stjórnendur, öryggisnefnd, stjórn starfsmannafélags o.fl.	Skoðanakannanir, fundir o.fl.	Stjórnendur	Helstu niðurstöður kynntar og hugmyndir að úrbótum settar fram ef þess þarf	Stöðug starfsemi

Yfirlit sjálfsmats í FG

Tegund mats	Lagt fyrir	Skoðun á	Framkvæmd í höndum	Gagnaöflun	Úrvinnsla	Niðurstöður?	Hve oft framkvæmt?
-------------	------------	----------	--------------------	------------	-----------	--------------	--------------------

Öryggi á vinnustað	Starfsmenn skólans eftir því sem við á	Öryggi og hollustuháttum á vinnustað.	Öryggisnefnd	Öryggisnefnd kallar til utanaðkomandi sérfræðinga eftir því sem við á	Öryggisnefnd og stjórnendur	Tillögur um úrbætur koma frá öryggisnefnd, framkvæmd í höndum skólameistara	Áhættumat á ca. 2-3 anna fresti
Staða forvarnamála í viðum skilningi	Alla nemendur skólans eftir því sem við á	Heilbrigðum lífsháttum, neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuvaldandi efna	Forvarnafulltrúi og forvarnateymi	Með ýmsum hætti, viðvera á dansleikjum, öllum ferðum á vegum skólans, einnig eru stundum lagðar fyrir nemendur kannanir	Forvarnafulltrúi og forvarnateymi	Tillögur um úrbætur koma frá forvarnateymi, framkvæmd í höndum stjórnenda	Stöðug starfsemi
Próf og prófagerð	Kennarar	Framkvæmd prófagerðar, búið er að setja prófagerð og framkvæmd prófa í sérstakt ferli	Áfangastjóri	Kennarar fara eftir fyrirmælum um samningu prófa, frágang og fleira. Próf skoðuð.	Áfangastjóri og kennslustjórar	Gripið er inn í ef próf eru ekki unnin samkvæmt fyrirmælum	Einu sinni á önn.
Kennsluáætlanir	Nemendur	Kennsluáætlanir skulu unnar með ákveðnum hætti, lagðar fyrir nemendur í fyrstu kennsluviku og setta á heimasíðu skólans	Kennarar undir stjórn kennslustjóra	Gengið úr skugga um að allar kennsluáætlanir fari á heimasíðu og séu samkvæmt fyrirmælum	Stjórnendur	Kennslustjórar sjá um ef úrbóta er þörf.	Einu sinni á önn.
Endurmenntun kennara	Kennarar	Endurmenntun kennara, lögboðinni og öðru	Skólameistari	Kennarar fylla út sérstakt skjal, aðstoðarskólameistari geymir staðfestingar	Skólameistari / aðstoðarskólameistari	Ut anumhald, yfirsýn kennarahópsins. Hvatning til kennara.	Stöðug starfsemi

Yfirlit sjálfsmats í FG

Tegund mats	Lagt fyrir	Skoðun á	Frákvæmd í höndum	Gagnaöflun	Úrvinnsla	Niðurstöður?	Hve oft frákvæmt?
Umsjónarkerfi	Umsjónarkennarar hafa viðtækt hlutverk sem er sérstaklega greitt fyrir	Umsjónartímum, frákvæmd skipulags, utanumhald	Verkefnastjóri, námsráðgjafar	Sérstakir umsjónarkennara-fundir	Verkefnastjóri og aðrir stjórnendur	Tillögur til úrbóta frákvæmdar eftir því sem þörf er á hverju sinni	Stöðug starfsemi
Viðvera / ástundun nemenda	Allir nemendur skólans	Mætingu nemenda í kennslustundir. Seinkomur, fjarvistir án skýringa	Stjórnendur, stallari, kennarar, skólafulltrúar	Viðveruskráning í INNU.	Skólaráð, stjórnendur, stallari	Formleg afgreiðsla fer fram hjá skólaráði. Markmið: að minnka brottfall.	Stöðug starfsemi
Úttektir á einstökum námsgreinum	Kennarar og nemendur í einstökum námsgreinum	Færni kennara, þ.á.m.menntun, undirbúningi, kennsluháttum, árangri	Stjórnendur og viðkomandi kennslustjóri	Skoðun á kennsluáætlunum, tímar heimsóttir, niðurstöður prófa og verkefna skoðuð, viðtöl við kennara og nokkra nemendur(?)	Aðstoðarskólameistari	Niðurstöður ræddar og ef úrbóta er þörf þá gerðar tillögur þar um	Á hverri vorönn
Mat á starfi stjórnenda	Starfsmenn og nemendur skólans	Dagslega stjórnun, samskipti, hæfni til að taka á erfiðum málum	Í höndum utanaðkomandi sérfræðinga	Kannanir meðal nemenda og starfsmanna, spurningalisti til forráðamanna o.fl.	Utanaðkomandi sérfræðingar	Farið yfir niðurstöður og gerðar breytingar ef þurfa þykir	3ja hvert ár, í fyrsta sinn vorið 2013
Mat á þjónustu bókasafns	Nemendur og kennarar	Bókakostur, þjónusta, vinnuástaða	Stjórnendur	Könnun meðal nemenda og kennara	Stjórnendur	Stjórnendur kynna helstu niðurstöður og setja fram hugmyndir að úrbótum ef þess þarf	Annað hvert ár

Yfirlit sjálfsmats í FG

Tegund mats	Lagt fyrir	Skoðun á	Frákvæmd í höndum	Gagnaöflun	Úrvinnsla	Niðurstöður?	Hve oft frákvæmt?
Mat á þjónustu skrifstofu og netstjóra	Nemendur, kennarar og forráðamenn	Viðmót, þjónustulund, liðlegheit	Stjórnendur	Könnun meðal nemenda, kennara og forráðamanna	Stjórnendur	Stjórnendur kynna helstu niðurstöður og setja fram hugmyndir að úrbótum ef þess þarf	Annað hvert ár
Mat á þjónustu námsráðgjafa og forvarnafulltrúa	Nemendur, kennarar og forráðamenn	Þjónusta, hvernig er tekið á erfiðum málum	Stjórnendur	Könnun meðal nemenda, kennara og forráðamanna	Stjórnendur	Stjórnendur kynna helstu niðurstöður og setja fram hugmyndir að úrbótum ef þess þarf	Annað hvert ár